

Mættir; Björg Baldursdóttir skólastjóri, Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri (ritari fundargerðar), Kristinn Sverrisson fulltrúar kennara, Örn Guðmundsson og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir fulltrúar foreldra, Raket Ösp Hannah og Valens Torfi Ingimundarson fulltrúar nemenda.

1. Staða í húsnæðismálum; það er ljóst að ekki verður kennt í Skólagerði næsta vetur en þó liggur ekki enn fyrir hvar verður kennt næsta vetur. Ætlunin að hafa 1. bekk með öðrum nemendum. Bæjaryfirvöld ætla að óska eftir kaupum á lausum kennslustofum.
 - a. Efla búin að skila niðurstöðum og þar eru þrjár tillögur, bráðabirgðaviðgerð, meiriháttar viðgerðir eða byggja nýtt hús.
 - b. Niðurstöður úr sýnum væntanlegar í dag.
2. Fulltrúar nemenda segja að það sé ágætt í Fannborg en þar sé svolítið þröngt. Hugnast ekki vel að vera þarna næsta vetur líka.
3. Starfsmannafundur 15. mars, þangað komu bæjarstjóri og sviðstjóri Menntasviðs og þökkðu starfsfólki það mikla og góða starf sem það hefur innt af hendi í þessu stóra verkefni sem flutningarnir eru.
4. Viðvera skólastjóra í upphafi dags er ýmist í Vallargerði, Skólagerði eða Fannborg, en getur alltaf skolast til vegna breytilegrar dagskrár hans.
5. Bekkjarfulltrúar, illa gengur enn að fá bekkjarfulltrúa en í foreldraviðtölum kom fram að þeir bekkjarfulltrúar sem fyrir eru sakna þess að vita ekki hvert hlutverk þeirra er. Lítil sem engin virkni foreldra. Fulltrúar stjórnar hafa mætt betur á fundi en virkni félagsins er enn í lægð. Fulltrúar foreldra vilja vera í samvinnu við Ekkó um að virkja nemendur í að efla foreldra til samstarfs. Fulltrúar nemenda telja mögulegt að það samstarf gæti haft jákvæð áhrif.
6. Foreldrakönnun Skólapúlsins, farið yfir helstu niðurstöður og umræður um þær. Niðurstöður könnunarinnar eru birtar á heimasíðu skólans.
 - a. Þjónusta dægradvalar er ekki tekin með í foreldrakönnuninni en gerð hefur verið úttekt á henni og þær niðurstöður hafa verið birtar á heimasíðunni.
7. Lúsafaraldur: tillaga frá foreldrafélaginu að koma á samstilltu átaki svo að allir nemendur verði kembdir. Erfitt að koma því við.